

Mál nr. 120/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar B.**

Umferðaróhapp á Eyjafjarðarbraut-vestri við Jólahúsið í Eyjafjarðarsveit þann 25.1.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 25.6.2007, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjóvá-Almennra trygginga hf., dags. 6.7.2007, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 8.45 að morgni 25. janúar 2007 ók M bifreið sinni A suður Eyjafjarðarbraut-vestri á mótis við Jólahúsið í Eyjafjarðarsveit. Rakst þá A á laust auglýsingaskilti frá veitingastofu sem rekin er þar í grenndinni af fyrirtækinu B. Skemmdir urðu framan á A.

M kvað skiltið hafa legið á veginum á hvolfi með fætuna upp í loft. Hún kvaðst vita af ferðum samstarfsfólks upp úr kl. 8 þarna um veginn umræddan morgun og þá hafi skiltið ekki legið á veginum.

Af hálfu B var ekki vitað fyrr en síðar um atvikið og að skiltið hefði fokið út á veginn.

Skilti það, sem A rakst á, hafði staðið um alllangt skeið skammt frá vegarbrún við Jólahúsið. Það var svokallað gormaskilti þannig að skiltið sjálft var á gormum og gaf undan vindálagi. Aðfaranótt 25. janúar og að morgni þess dags hafði geysað hvöss sunnan- og suðvestanátt í Eyjafirði. Á veðurathugunarstöð á Torfum í Eyjafjarðarsveit hafði vindhraði kl. 8 mælt 18,9 m/sek. og 26,5 m/sek. í mestu vindhviðum. Fyrr um morguninn hafði vindhraði í mestu kviðum farið yfir 30 m/sek.

Álit.

Telja verður fullvíst að umrætt skilti hafi fokið út á veginn í því hvassviðri sem geysaði í Eyjafirði morguninn sem atvikið átti sér stað. Ekkert liggur fyrir í málinu að skiltið, gerð þess, umbúnaður eða staðsetning hafi farið í bága við lög eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að tjónsatvikið verði rakið til saknæmrar háttsemi fyrirsvarsmanna B eða annarra sem hann getur borið ábyrgð á. Getur B því ekki borið ábyrgð á tjóni því sem M varð fyrir á bifreið sinni.

Niðurstaða.

Tjón M á bifreið hennar bætist ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 17. júlí 2007.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.